

Þriðjudaginn 27. september 1966.

Nr. 204/1966. **Bjarni Ó. Pálsson**

gegn

**Sveinbirni Þórðarsyni og
Guðmundi Þórðarsyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. júlí 1966, er hingað barst 19. september 1966, hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm, kveðinn upp á aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu 7. júlí 1966 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um sakarefnið.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, krefst sóknaraðili greiðslu úr hendi varnaraðilja á eftirstöðvum kostnaðar við smíði og innbúnað í húsi varnaraðilja að Grundarbraut 24 í Ólafsvík. Varnaraðiljar telja hins vegar kostnaðarreikninga sóknaraðilja of háa og að nokkuð hafi verið unnið, sem þeim beri eigi að greiða, en á það brestur, að málflutningur varnaraðilja hafi verið nægilega skýr. Málinu er þannig háttað, að rétt var, að héraðsdómari kveddi sérfróða menn til að dæma málið með sér, sbr. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Þar sem málið hefur eigi sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, verður að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð frá og með þinghaldi 11. febrúar 1966 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt, og verður hann því eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 11. febrúar 1966 eru ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-
álagningar af nýju.

Dómur aukadómpings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

7. júlí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Bjarni Ó. Pálsson, Stórholti 26, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómpingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með stefnu, birtri 22. desember 1964, gegn Sveinbirni og Guðmundi Þórðarsonum, báðum til heimilis að Grundarbraut 24, Ólafsvík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 46.537.87 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Munnlegur flutningur málsins fór fram þann 11. febrúar s.l., en málið var síðan endurflutt í dag.

Málavextir eru þeir, að þann 1. janúar 1962 gerðu málsaðiljar með sér húsaleigusamning um leigu á kjallaraíbúð í húsi stefndu nr. 24 við Grundarbraut í Ólafsvík. Samkvæmt leigusamningnum tók stefnandi íbúðina á leigu fyrir 1.000 króna leigugjald á mánuði, og skyldi leigan ganga til greiðslu kostnaðar við innréttingu á íbúðinni, sem stefnandi hafði framkvæmt. Í húsaleigusamningnum er og ákvæði um, að ef húsið verði selt eða einhver hluti þess og leigutaki þurfi þar af leiðandi að flytja úr húsnæðinu, skuli eftirstöðvar fyrrnefnds innréttingarkostnaðar greiddar að fullu.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að kostnaður við innréttinguna hafi numið kr. 73.563.67 og hafi reikningar fyrir þeirri upphæð legið fyrir, þegar húsaleigusamningurinn var gerður, og hafi þeir beinlínis verið samþykktir með undirskrift leigusamningsins. Stefnandi kveðst hafa dvalizt í íbúðinni í 21 mánuð og leigugjaldið fyrir allt tímabilið því verið kr. 21.000.00, sem draga beri frá ofangreindri upphæð. Enn fremur kveðst hann skulda stefndu kr. 6.025.80 fyrir olíureikninga og komi sú fjárhæð einnig til frádráttar heildarupphæðinni og þannig sé stefnukrafan fundin.

Stefndu rökstyðja kröfur sínar með því, að þeir hafi aldrei samþykkt reikningana yfir innréttingarkostnaðinn og að þeir

reikningar séu allt of háir og hafi ekki legið fyrir, þegar húsaleigusamningurinn við stefnanda var gerður. Enn fremur sé innifalinn í reikningsupphæðunum kostnaður vegna vinnu og efnis við breytingar á pípulögnum og öðrum innréttingum, sem þegar var búið að framkvæma, en þær breytingar hafi stefnandi gert leyfislaust og verði þær því að vera á hans kostnað. Þá benda stefndu og á, að sumir þeir reikningar, sem stefnandi hefur lagt fram, séu hvorki stílaðir á hann né stefndu og enn fremur séu sumir reikninganna dagsettir eftir 1. janúar 1962, þ. e. eftir að leigusamningur aðiljanna var gerður.

Málsaðiljar hafa ekki komið fyrir dóm og framlagðir reikningar ekki verið skýrðir, svo að viðhlítandi sé, til þess að hægt sé að leggja dóm á málið. Sökum þessarar vanreifunar verður óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindu máli vísast frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Priðjudaginn 27. september 1966.

Nr. 99/1966. **Heildverzlun Andrésar Guðnasonar**
 gegn
Helga Scheving Hallssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. maí 1966 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, kveðinn upp 17. maí 1966, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á